

1865.
11. nóv.

95. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um hvort íslenzkir kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Íslandi, eigi að gjalda offur til prests.

Með bréfi dagsettu 6. septembermán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt; í því ber sira Eiríkur Kúld, prestur á Helgafelli í Snæfellsnessýslu, upp þá spurningu, hvort kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Íslandi, en hafa þar verzlunarbú, seu skyldir að gjalda offur til prestsins í sókninni þar sem verzlunarbúið er.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að með því að offrið er gjald, sem einasta snertir mennina sjálfa (*personlig Ydelse*), hlýtur stjórnarráðið að álíta vafalaust, að kveða eigi nei við spurningu þessari.

96. Tilskipun, um verzlunarvog á Íslandi.¹

1. des.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. fr. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Frumeining hinnar almennu verzlunarvogar er eitt pund, og er þyngd þess einsog verið hefir 500 frönsk grömm.

2. grein.

Eitt hundrað pund eru tíufjórðungavætt.

3. grein.

Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort; minni þungar ákveðast með tugabrotum úr orti.

4. grein.

Frá því, er lög þessi öðlast gildi, skulu almennt þau vogarlóð viðhöfð sem verzlunarvog, er tugabrotum verður komið að,

¹) Smbr. Tiðindi frá alþingi 1865 II, 142–145 bls. og 228 bls.

1865.

1. des.

það er að skilja þesskonar lóð, sem vega 100, 50, 20, 10, 5, 1 pund, 50, 20, 10, 5, 2, 1 kvint, 5, 2, 1 ort og tugabrot úr orti, svo og pundarar, sem eru markaðir eptir sama vogarlagi. Þangaðtil konungur skipar öðruvísi fyrir skal þó leyft vera að nota þau vogarlóð, sem áður hafa löggilt verið og sem vega $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi, svo og pundara, sem löggiltir hafa verið eptir hinu eldra vogarlagi, og einnig vogarlóð, sem vega 160, 80, 64, 32, 16, 8, 4 pund, þó eru undanskilin þau járnlóð, þarsem blýið, sem löggildingarmerkið er sett á, liggur ofaná járninu og engin upphækkun brún hlífir því.

5. grein.

Heimilt skal stjórninni að nema úr gildi aðrar vogir, sem nú eru við hafðar, og að láta verzlunarvogina koma í stað þeirra, svo og að gefa tugabrotunum úr orti sérstakleg nöfn, ef það virðist nauðsynlegt.

6. grein.

Lagabod þetta öðlast gildi 1. dag júlímán. 1867.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn

1. dag desembermánaðar 1865.

14. des.

97. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna yfir Íslandi, um lækningakver O. Bangs konferenzráðs.

Dómsmálastjórnin hefir fengið frá Dr. med. O. Bang, konferenzráði, nokkur exemplör af lækningakveri því, er hann hefir samíð handa almenningi og svo heitir: „Hvem skal jeg vælge til min Huuslæge“, til útbýtingar á Færeyjum, Íslandi og Grænlandi.

Vér sendum yður nú, herra stiptamtmaður (amtmaður), 25 (16) exemplör af riti þessu, og biðjum yður útbýta þeim í suðurumdæminu (vesturumdæminu, norður- og austurumdæminu) á þann hátt, sem þér álitíð hagfelldastan.